

SAMÞYKKT

67

13. maí

um forkaupsrétt Akureyrarkaupstaðar á hafnarmannvirkjum o. fl.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932, um forkaupsrétt kaupstaða og kaupsþína á hafnarmannvirkjum o. fl., hefur bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar gert eftirfarandi samþykkt:

Akureyrarkaupstað er áskilinn forkaupsréttur á lóðum dánarbús Ragnars Ólafssonar á Oddeyrartanga, norðan Gránufélagsgötu, vestur og norður á eignamörk Akureyrarbæjar og austur til sjávar, ásamt öllum sjávarréttindum.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. maí 1941.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

68

14. maí

er varðar innheimtu tekju- og eignarskatts árið 1941.

Eftir afgreiðslu hinna nýju skattalaga hefur ráðuneytið ákveðið, að ekki skuli innheimtur 12% gjaldauki á tekju- og eignaskatt álagðan á árinu 1941, en heimild til að innheimta þenna gjaldauka er í 4. gr. laga nr. 96 14. maí 1940, og var gefin út um það auglýsing 2. janúar þ. á. að ákveðið hefði verið að nota heimildina.

Jafnframt hefur verið ákveðið að ekki skuli innheimtur 10% viðauki við eignaskatt, samkv. heimild í 1. gr. laga nr. 74 7. maí 1940, en auglýsing var gefin út um notkun þessarar heimildar 2. janúar þ. á.

Fjármálaráðuneytið, 14. maí 1941.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.

AUGLÝSING

69

17. maí

um breyting á samþykkt nr. 18 12. apríl 1921, um lokunartíma sölubúða í Vestmannaeyjakaupstað.

1. mgr. 2. gr. samþykktar um lokun sölubúða í Vestmannaeyjum frá 12. apríl 1921 orðist svo:

Alla virka daga skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 7 e. h. og þær eigi opn-
aðar fyrr en kl. 9 árdegis, þó með þeim undantekningum, að á tímabilinu frá 15. maí
til 15. september skal þeim frá mánudegi til fimmtudags lokað eigi síðar en kl. 6 e. h.